

AUGLÝSING

um deiliskipulag hafnarsvæðis Sandgerðisbæjar – Vesturbakki.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar samþykkti þann 7. maí 2008 deiliskipulag fyrir vesturbakka hafnarsvæðis Sandgerðisbæjar.

Deiliskipulagið nær til svæðis sem er sunnan hins eiginlega hafnarsvæðis í Sandgerðisbæ. Það afmarkast af Strandgötu til austurs, Eyrargötu til suðurs, Sjávarbraut og fjöru neðan hennar til vesturs og lóð Hafnarstrætis 1 til norðurs.

Deiliskipulagið felur m.a. í sér skilgreiningu nýrra lóða fyrir atvinnuhúsnæði, verslun, þjónustu og með möguleika á íbúðum á efri hæð. Gerðar eru endurbætur á umferðarleiðum og gönguleiðir skilgreindar. Gerð er tillaga um uppbyggingu á núverandi landfyllingum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Sandgerði, 18. júlí 2008.

Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. ágúst 2008